

hinn innlagða fisk, sem hann fjekk þar. Hinn stefndi hefur eigi heldur haft neinn fastan verzlunarþjón í Eyrarhreppi, til þess að taka á móti fiskinum, en bændur þar hafa veitt fiskinum mótöku fyrir hans hönd.

Eins og þessum atvinnurekstri hjer er lýst, verður hann eigi kallaður arðsöm stofnun eða fyrirtæki í Eyrarhreppi, á þann hátt, að heimilt sje að leggja á hann aukaútsvar til hreppsins eptir lögum nr. 12, 9. ágústm. 1889, og verður því að fallast á hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og staðfesta hann. Eptir þessum úrslitum málsins verður stefnandinn að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetajettarúrskurður skal vera óraskaður. Afrýjandi, hreppsnefnd Eyrarhrepps, greiði stefnda, verzlunarstjóra Jóni Laxdal fyrir hönd verzlunar Leonhards Tangs á Ísafirði 25 krónur í málskostnað, og skal greiða málskostnadinu, áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marzmánaðar.

Nr. 1/1898:

Hið opinbera  
gegn  
Einari Jónssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem hefur verið rekið og dæmt

fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, er hinn kærði, hreppstjóri Einar Jónsson á Hofi, með dómi, uppkveðnum 20. nóv. f. á., dæmdur í 100 kr. sekt til fátækra sjóðs Rosmhvalanesshrepps með tilvitnun til tilsk. 28. marz 1855, sbr. op. br. 26. sept. 1860, og til 143. og 144., sbr. 145. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869, svo og til að greiða allan kostnað, er af málinu leiðir. Dóminum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Í rannsókn málsins er þetta komið fram um brot hins kærða. Hinn 19. sept. f. á. kemur maður á skrifstofu sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu og skýrir sýslumanninum frá því, að hann hafi, að hann minni, sunnudaginn hinn 5. sept. f. á., eptir skipun húsbónda síns, hins kærða, farið út í botnvörpuskip, sem var að veiða í botnvörpur beint þar fram undan, og fengið hjá því 2 hleðslur af ýmislegum fiski. Jafnframt skýrði þessi maður frá því, að hinn kærði hafi haft 2 menn hjá Sighvati Gunnlaugssyni í Gerðum til þess að fara með þeim út í botnverpinga og sækja til þeirra fisk. Út af þessu hjelt sýslumaðurinn rjett í Keflavík hinn 12. okt. f. á., og mættu þá fyrir rjettinum 4 menn, sem játa það, að þeir hafi hinn 5. sept. f. á., þótt þá væri sunnudagur, tvívegis farið út í botnvörpuskip; hafi þenna dag verið messað á Útskálum. Hafi hinn kærði átt skipið, sem þeir fóru á, og hafi þeir látið hann vita af ferðum þessum; hafi hann ekkert haft við það að athuga, svo sem bannað þeim það, nje heldur skipað þeim það. Þegar svo hinn kærði kom fyr-

ir lögreglurjettinn sama dag, jatar hann að »framburður vitna þeirra, sem mætt eru hjer í dag, sje rjettur«, og tjáist hafa borgað fátækrahlut til gjaldkera Rosmhvalanesshrepps.

Það sjest ekki að framburður vitnanna hafi verið lesinn upp fyrir hinum kærða, nje heldur að hann hafi verið spurður um nokkurt atvik, er laut að sekt hans eða sýknu. Með hinum tilgreindu vitnisburðum er það ekki sannað, að hinn kærði hafi gjört sig sekan í nokkru ólöglegu athæfi, og á hans eigin játning verður refsingardómur ekki byggður, því að hann hefur eigi verið krafinn skýrslu um eitt einasta atvik, sem sekt hans eða sýkna gæti verið undir komin. Það verður því að sýkna hinn kærða í þessu máli, og leggja allan kostnað málsins á almánnaþje, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákvedast 10 kr. til hvors þeirra.

Málið hefur í hjeraði verið rekið með nægilegum hraða og málsfærslau við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Einar Jónsson skal vera sýkn fyrir kærur hins opinbera í máli þessu. Allur málskostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaf lutningsmannanna Halldórs Bjarnasonar og Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.